

Íslenskir fordómar. Hottentotti, negri, skrælingi og negri.

Hottentotti 23 greinar í atriðisorðaleit (1899-1998): Fyrst getið um hottentotta í Lögbergi 2. mars 1899: „Ef ósvífni er ritstjóra hæfileiki, þá hefur Skugga-Baldi hann, en þá eru líka ritstjóra hæfileikar hans upptaldir. Í öðrum greinum gæti meðal Hottentotti jafnast við hann sem ritstjóra – en stæði honum frammar í drengskap.“

Síðast getið um hottentotta í Morgunblaðinu í janúar 1998 í auglýsingu um sköpunargleði, námskeið fyrir börn: „Skotti-hottentotti.“

Í Skólablaðinu 1908 er ritdómur um Landafraði handa börnum og unglíngum II hefti eftir Karl Finnbogason. Þar er m.a. talað um Síberíumenn, Borneobúa, Hindúa, Bedúína, Negra, Indíána og Hottentotta.

Í Jafnaðarmanninum 1930 (4.tbl. bls. 1) er skýrt frá hjónabandi hottentotta í Jóhannesarborg. Brúðguminn var sagður 129 ára, en brúðurin 84. Þau sögðust giftast sökum einlægrar ástar hvoru á öðru.

Innlegg í Þjóðræðuna í Mánudagsblaðinu 32. tbl. 14.09., bls. 6: „...vinnandi stéttir á Íslandi, heimilisfeður, ráðherrar, verkamenn, sjómenn og annar almenningur stendur hjá eins og halanegri á frumstæðasta stigi. Hið stolta víkingaeðli nær nú ekki dýpra en þetta hjá þjóðinni, sem sífellt er að státa af mikilleik, hreysti og dugnaði.“

Þórir S. Gröndal. Allra þjóða kvikindi. Dagblaðið 183. Tbl. 23.08.1978, bls. 11: „Þótt við, hreinræktaðir Íslandsmenn, séum sagðir veikir fyrir og oft undirgefnir við útlendinga, viljum við helst ekki blanda okkar dýrmæta blóði við þá. Satt að segja held ég, að margir okkar séu ekkert allt of hrifnir af útlenskum og þökkum okkar sæla fyrir það, að hafið bláa hafið skuli skilja okkur frá þeim öllum.“

Við landar höfum fundið ýmis uppnefni fyrir útlenzka, en ekki held ég að það sé neitt sérstakt fyrir okkur; það þekkest líka með öðrum þjóðum. Ég man sum þessara heita: Bauni. Molbúi, Hund-Tyrki, tjalli, hottintotti og halanegri, Færeyingur á hvolfi. Svo settum við safnheiti á alla útlendinga: allra þjóða kvikindi.“

Myndasaga í Degi (Andrés Önd) 227. Tbl. 27-11-1987: „Þú ert gægsni, halanegri, greppitryni og hræðslupúki.“

Skrælingi 112 greinar 1897 til 2006: Íslenskur nemandi í Ísafold 1904, 17. desember, bls. 313: „Á sumri komanda er fyrirhugað að halda »nýlendu«-sýningu hér í Khöfn, og skulu þar sýndar menjar þjóðlífs og menningar meðal Blámanna í Vesturheimseyjum, Skrælingja á Grænlandi, Færeyinga og Íslendinga. Sýningu þessa á að halda í Tivoli; þar á meðal annars að sýna: færeyska fjölskyldu, báta, veiðarfæri, húsdýr o. fl.; Blámannafjölskyldu og Blámannahýbýli; Skrælingjafjölskyldu og Skrælingjahýbýli; og loks íslenzkan bóndabæ með allri áhöfn, bæði fólki og fénaði; ennfremur íslenzk annboð, veiðarfæri, skrautgripir o. s.frv.“

Þá á og að sýna Geysi gjósanda; en ekki er þess getið, að Hekla eigi að vera með. Þess er og eigi getið, að nokkur bók eigi að vera á bænum, — á sýningu, er lýsa skal íslenzkri menning; en það mun ekki þykja við eigandi í slíkum félagsskap.

Svo virðulegt sæti skipa Danir elztu mentaþjóð Norðurlanda í upphafi 20. aldar! Skrælingi á aðra hönd og Blámaður á hina. Meðal auðvirðilegustu villiþjóða er íslenzkri (og færeyskri) menning markaður bás; og dönsk blöð tala digurbarklega um, að hér megi enn sjá nýjan vott um vaxandi áhuga og hlýtt þel til svörtu, grænlenzku, færeysku og Íslenzku »bræðrana«.

Hreiðar E. Geirdal: *Skrælingjar*. Samtíðin 1944, 1. tbl., bls. 15-17: „Salmonsens Leksikon segir: „Skrælling var det Navn Nordboerne i Grønland betegnede Eskimoerne med. Ordet Skrælling bruges nu om en Person som er svag i sin Opvækst, en Stakkel, en Svækling.“

„Orðið skrælingar, eins og Ari ritaði það, er fleirtala af skrælingur, en fornt nafn á þurru skinni er skrá. Orðið skrælingur er myndað af orðunum *skrá* og smækkunarendingunni *ling* með i-hljóðvarpi, og er því rétt myndað. Það virðist vera meira í samræmi við málvenju að nota sterku orðmyndina skrælingur en þá veiku: skrælingi, sbr. orðin: kettlingur, vettlingur, unglíngur, ljúflíngur o. s. frv.“

„Orðið skrá, í merkingunni skinn, er naumast, að almenningur þekki nú á tímum, en nokkur orð eru algeng, sem dregin eru af því; t. d.: skráþurr, skráveifa, skráfa og sagnirnar að skrá og skrásetja, sem hafa í fyrstu þýtt að rita á skrá (þ. e. skinn) og það, sem búið var að rita eða skrásetja (líkt og við köllum nú að skjalfesta) var kallað skráð. Af *skrá* er dregið orðið *skráða*“.

„Þá er næst að athuga, hvernig nafnið skrælingar á við þjóðflokkinn. Þegar Íslendingar og skrælingar hittast fyrst, stara þeir undrandi hvorir á aðra. Margt bar þarna nýtt fyrir augu. Íslendingarnir höfðu víða farið og margt séð, en eitt hið undarlegasta hefur þeim ef til vill þótt að sjá þessa smávöxnu menn ganga al-skinnaþvædda, jafnvel í brakandi þurrki og sólarhita. Föt þeirra hafa þá verið þurr og skorpin. Var þá ekki eðlilegt, að Íslendingunum dytti í hug að kenna þá við skrá, um leið og þeir gáfu til kynna hinn lága vöxt þeirra með endingunni *ling(ur)*“.

„Við allt þetta má svo bæta því, að bátar þeirra voru úr skinnum. Enn fremur höfðu þeir enga vöru að bjóða nema skinn, en af þeim höfðu þeir mikið og margar tegundir. Þau voru vel verkuð og þurr. Þar var því um úrvals skrá að ræða.“

„Ég þykist nú hafa fært nægileg rök fyrir því, að hinir smávöxnu, skinnaþvæddu menn voru sannkallaðir skrælingar, því að orðið skrælingar þýðir raunverulega ekkert annað en skinnamenn.“

„Öllum þeim ritum, sem ég hef áður nefnt, ber saman um, að skrælingar og eskimóar sé sami þjóðflokkurinn og þarf varla að efast um slíkt. Eskimóar er Indíánamál og þýðir hráætur. Það táknar þá, sem éta hrátt kjöt. Ekki nær þetta betur einkennum flokksins en orðið skrælingar, og sízt tel ég það virðulegra.“

Jón Dúason. Hvaða menn voru skrælingjar? Fálkinn 3.tbl. 22. Árg. 1949, bls. 9 og 14.:

„Hverskonar nenn voru Skrælingjarnir? Hefir þú nokkurn tíma hugleitt það? Ýmsar hugmyndir þeir skilið eftir í tungu og þjóðarmeðvitund Íslendinga, og verður ekki með sanni sagt, að neitt af því sé afarfagurt. Er Bjarni Herjólfsson, frændi Ingólfs landnámsmanns og allsherjargoðanna í Reykjavík fann fyrstur hvítra manna Ameríku árið 980, bjuggu þar fyrir tvær þjóðir, Innfæðingar og Skrælingjar. Nafnið innfæðingur kemur fyrir í Flateyjarbók og er þar afbakað í Einfæting. Þetta er mislestur eða misritun fyrir Innfæðing, = þá innlendu menn, er bjuggu inni í landinu; en mislesturinn eða misritunin er eflaust studd af því, að forfeður

vorir álitu, að Ameríka, sem þeir höfðu kannað að minnsta kosti suður á norðurströnd Suður-Ameríku, væri hluti úr Afríku, að Suður-Ameríka og Afríka væru samfast land sunnan við Atlantshafið, Innhafið, er feður vorir hugðu umlukt af löndum á allar hliðar; En í Afríku voru Einfætingar, að því er erlendar fræðibækur sögðu. Sögur um Einfætingana (úr Flateyjarbók) ganga enn sem þjóðsögur á Grænlandi, Marklandi (Labrador) og við St. Lawrence-flóann. Og enn kalla Eskimóar Indíána Innfæðinga. — Og svo ekki meira um þá.

Enskt rit, *Inventio fortunata*, ritar eftir frásögn Ívars Bárðarsonar Grænlendings er sagði söguna við hirð Noregskonungs um 1360, en Ívar var þá nýorðinn dómkirkjuprestur í Björgvin, sagði að norðausturhluti Ameríku væri hrjóstugt land og byggt Skrælingjum, er ekki væru meira en 3—4 fet á hæð, en suðvesturhluta Ameríku sagði rit þetta vera frjósamt land og loftslag heilnæmt þar. Skrælingi merkti upprunalega á vora tungu huglaus, veiklaður og duglaus maður. Þessa merkingu lifir orðið skrælingi enn á dönsku og enn í lok 16. aldar skýrir Sigurður Stefánsson skólameistari í Skálholti nafnorðið skrælingja svo. En með vorri þjóð hefir skrælingjaheitið fengið enn aðra merkingu, þ. e. *siðleysingi á allra lægsta stigi*.

Er íslendingar námu Grænland 986, var það mannaust sunnan jökla sunnan *Hvítserks* andspænis. Vestfjörðum og *Snæfells*, jökuls mikils, er gengur niður í McIlville-flóann fyrir norðan Króksfjarðarheiði. Þetta gefur okkur strax hugboð um, hvaða tækni, þreki og manndáð Skrælingjarnir höfðu yfir að ráða, því sennilega voru þeir til norðan jökla á Grænlandi. Þar fundu Íslendingar bæði að austan og vestan, keiplabrot og steinsmíði það, er af því mátti skynja, að þar hefði þess konar þjóð farið, er Vinland hefir byggt og vér köllum Skrælingja. Skrælingjarnir höfðu þannig ekki getu til þess, að komast suður fyrir jöklana af eigin rammleik. Árið 1266 er þess getið, að Skrælingjavistir hafi fundist á Króksfjarðarheiði nyrst, og voru menn ekki þá í neinum vafa um, að þeir voru þangað komnir. Eftirkomendur þeirra búa enn á þessum slóðum, norðurhluta Upernivikhéraðs, og eru, þótt þeir séu orðnir mjög blandaðir Íslendingum og síðar Norðurlandföllum, mjög frábrugðnir öðrum Grænlandingum, að höfuðlagi, vexti og hörundslit, en einnig að gáfnaferi og hvað manneðli og siðgæði snertir.

Á 14. öld eru Skrælingjar Austurstrandarinnar komnir suður fyrir Hvítserk. Á 15. öld eru þeir með vissu komnir suður um Grænland til Eystríbyggðar og þaðan dreifðu þeir sér norður Vesturströndina allt norður undir Bjarneyjarflóa. Má ráða þetta af máli fólksins, sem nú býr í Grænlandi. Þessir Skrælingjar er komu að austan, voru kallaðir tröll. „Tröllin“ voru sem aðrir Skrælingjar sauðmeiðlaus grey, er engum gerðu mein. Íslendingar ömuðust heldur ekki við þeim og gerðu þeim ekkert mein. Þetta sanna bæði fornminjarnar og sögur Eskimóa. Upp frá þessu byggðu hinir fornu Vestur-Íslendingar hvergi einir sér, heldur allsstaðar á Grænlandi og í Ameríku innan um Skrælingja eða Indíána. Skrælingjarnir voru þjóðfélagslaus, huglaus, duglaus og mjög siðlaus, kolsvört dvergþjóð, 3—4 fet á hæð. Þeir kunnu ekki áð leggja stein ofan á stein í hleðslu og hlóðu hvorki hús né annað, heldur bjuggu í holum, vistum, er þeir grófu sér ofan í jörðina. Vistin var kringlótt hola eða gröf um það bil 1 meter á dýpt. Fjöldi vista hefir fundist og verið grafinn út, en engin þeirra verið meiri en 1 meter á dýpt. Staðfestir það hinar áreiðanlegu sagnir um hæð Skrælingja. Niður í mitt vistargólfið var rekinn staur. Við hann voru bundin hvalrif, en hinn endi rifjanna lagður út á grafarbakkan. Ofan á rifin voru lögð skinn, en ofan á þau lyng og mosi, en þar ofan á mold. Út úr vistinni voru grafin göng, svo að Skrælingi gat skriðið eða flatmagað sig út og inn um þau. Oft voru 2, 3 eða fleiri vistir í hvirfingu. Voru þá grafnar holur neðanjarðar á milli þeirra, svo að skriða mátti á milli þeirra, en útgöngurangali aðeins einn úr þeim öllum. Upphaflega, eða fyrir komu Íslendinga til Vesturlanda, var engin hleðsla

og vissulega heldur ekkert set í vistunum. Skrælingjar hafa legið á gólfinu og setið á hækjum sínum eins og aðrar margfalt mannaðri þjóðir Ameríku og Asíu hafa gert. Frobisher sá þessar vistir í notkun lifandi manna á Hellu landi (Baffinslandi) 1570, og á engin orð til að lýsa óþverranum og skrælingjaskapnum, sem hann sá í sambandi við þær.

Inn af Bjarneyjarflóanum hefir verið grafin út vist, þar sem staurinn, hvalrifið og þekjan lá allt á vistargólfinu. lif Skrælingjar óttuðust ófrið eða á þá var ráðist, skriðu þeir inn í holur sínar. Skrælingjar höfðu ekki tjöld, en virðast hafa legið undir húðkeipum sínum að vetrinum. Þeir höfðu ekki hunda, og voru að vonum dauðhræddir við þá. í Flateyjarbók er þessi lýsing á Skrælingjum: „Þeir voru svartir menn og illilegir og höfðu illt hár á höfði. Þeir voru mjög eygðir og breiðir í kinnnum.“

Ef þessi lýsing er borin saman við aðrar lýsingar af þeim, verður útkoman svona: Þeir voru svartir menn og í ásjónu ruddalegir og illmannlegir og minntu eitthvað á hina svörtu Melanesíumenn. Skegglausir voru þeir, en með taglstríðar eða meira en taglstríðar hárritjur á höfði. Lítil kolsvört augu, er sátu nokkuð djúpt við örmjóa og mjög lága nefrót, gerðu]já mjög eygða. Nefið var breitt fram og nasavængirnir gríðarlega viðir. Hauskúpan var örmjó og að sér dregin upp. Við það varð hin mikla andlitsbreidd og háu kinnbein enn meira áberandi. Þeir voru mjög kubbslegir og holdugir á sumrin, fótleggirnir örstuttir og mjög gildir, hendur og fætur örsmáar og líkt og sívalar. Þeir voru lítt færir til gangs. Líkum hinna dauðu vörpuðu þeir í sjóinn, eða lögðu þau út á hafsin. Meðal þeirra var þess krafist, að gamlir menn og þeir, er urðu öðrum til varanlegrar byrði, fremdu sjálfsmorð með því að varpa sér lifandi í sjóinn, sem væru þeir liðið lík. Virðast þessi sjálfsmorð hafa verið mjög algeng meðal þeirra, einnig sjálfviljuglega af mönnum, sein leiddist lífið. Frá samförum þeirra við konur, er sagt í einni sögu, og er það ekki rithæft. Allar heimildir segja einum rómi, að Skrælingjar hafi ekki soðið mat sinn, heldur étið allt hrátt og drukkið blóð. Á norðurströnd Grænlands, sem þeir einir þjóða hafa byggt, hefir ekkert eldstæði fundist. Heimildir Eskimóa segja, að Skrælingjar hafi verið vopnlausir, en það er ekki nákvæmt, því þeir höfðu steinslöngru að vopni. Húðkeipur Skrælingjans var opinn og gat borið þrjá menn, ef ekki fleiri. Honum varbuslað áfram með tré, og horfði ræðarinn í þá átt, sem skipið stefndi. Kajak Eskimóa er ekki húðkeipur Skrælingja, heldur uppfinning Eskimóa eða Íslendinga. Skrælingjar þekktu enga málma. Verkfæri þeirra voru úr steini og beini. Þau eru ekki aðeins klúr og illa gerð, en bera þess einnig vott, að vera gerð fyrir menn með litla líkamsorku. Skrælingjar voru óhöndugir veiðimenn á sjó, en máske ekki á ís. Þar sem þeir voru lítt færir til gangs, er fráleitt, að þeir hafi getað veitt önnur landdýr sér til gagns en sauðnaut. Þeir höfðu engar veiðiinnréttingar, hvorki á landi, í ám eða vötnum. Því er útilokað, að þeir hafi getað haft teljandi gagn af veiði af landinu, heldur aðeins af sjónum.

Hvaða kynþætti Skrælingjar tilheyrðu er enn óleyst vandamál. *En því fer víðs fjarri, að Eskimóar, sem tala nú tungu þeirra og eru ekki alveg frír af því, að hafa blandast við þá, séu Skrælingjar.* Eskimóar eru andlega um allt eins og norrænir almúgamenn voru og hegðuðu sér í fornöld. Máske voru Skrælingjar „The Tolsom man“, máske einhver annar kynþáttur frá elstu forneskju mannkynsins. Þetta er ekki auðráðin gáta, því að enginn Skrælingi er lengur til, og bein þeirra hafa hvergi fundist. En Eskimóar eru alls ekki Skrælingjar, og eiga, að tungu sinni undanskilinni sáralítið skylt við Skrælingja. Um þetta atriði ríkir í hugum manna mikill og þjóð vorri háskalegur misskilningur, sem þarf að leiðrétta. Sannanir fyrir þeim lýsingum á Skrælingjum, er hér hafa verið gefnar, er að finna í bókinni Landkönnun og landnám Íslendinga í Vesturheimi.“

Eimreiðin 1951: „Skrælingi merkti upphaflega huglaus og veiklaður maður, kveif, og leggur Sigurður skólameistari Stefánsson þetta þannig út í lok 16. aldar. „Skrælingjar eru kolsvört dvergþjóð, 3—4 fet á hæð, er kunnir ekki að leggja stein ofan á stein í hleðslu, voru menningarlausir og duglausir, og er margt furðulegt um þá að skrifa. Hýbýli þeirra voru holur, sem þeir grófu sér ofan í jörðina, vistir, og hafa þær fundizt. Eskimóar kalla Skrælingjana Jarðdvergana, og neita því, að Þeir séu sjálfir Jarðdvergar.““

Gísli Jónsson í Morgunblaðinu 14.08.1982: „„Skrælingar eru frumbyggjar Vínlands hins góða kallaðir í Grænlandingasögu og Eiríks sögu rauða, en þar er ekki minnst á slíka þjóð á Grænlandi. I Historia Norwegiæ eru nefndir Skrælingar á Grænlandi (... quos Scraelinga appellant).““ (Vitnað í Jakob Benediktsson.) Af þessu er að ætla að skrælingar (skrælingjar) hafi verið bæði indíánar og eskimóar. En hvað merkir orðið og hver er uppruni þess?“

„Jan de Vries telur í upprunaorðabók sinni, að orðið sé norrænt og hefur ýmis önnur orð því til stuðnings. Sameiginlegt ollum þessum orðum er merkingin veiklulegur, rýr, lélegur. Liggur því beinast við að ætla að nafngiftin sé til komin vegna þess hverjum augum norrænir menn hafa litið þetta framandi fólk.“

„Vel kannast ég við þá skýringu, ... að skrælingi sé dregið af **skrá** í merkingunni þurrt skinn. Þá ætti -lingur að vera smækkunarending og skrælingi samkvæmt þessu lítill skinnklæddur maður eða eitthvað þvítíkt. Ég býst við að skrá sé skylt orðinu skrælingi, og Jan de Vries og Alexander Jóhannesson minna á skyldleika þessara orða. Mér er næst að halda að 1-hljóðið þarna tilheyrir fyrri hlutanum og viðskeytið sé -ingur, sbr. t.d. skrælna og skrælþurr, ennfremur norsku skrælen = veikur og skraal = lélegt verkfæri. Þá dettur mér í hug að þetta sé fjarskylt orðunum skratti og skröggur.

Niðurstaða: I orðinu skrælingi (skrælingur) er viðskeytið -ingur fremur en -lingur. Orðið er myndað í óvirðingarskyni af framandi þjóð. Orðið eskimó(i) er úr indíánamáli og merkir þann sem étur hrátt (aski = hrár, mov = hann étur).“

Flosi Ólafsson í Þjóðviljanum 1983: „Maður er þó einu sinni siðmenntaður maður en ekki skrælingi. Og ég get hætt þegar mér sýnist. Ég hætti í þrjá mánuði í fyrra. Smakkaði ekki vín, nema um helgar - og á kvöldin.“

Sverrir Hermansson í Helgarpóstinum 30.03.1988, 13. tbl. bls. 33.: „En því má heldur ekki gleyma að innbyrðisdeilur Sturlunga voru eyðandi, þeir urðu oft heiftarlegir óvinir Sighvatur og Snorri, hvað þá synir þeirra, Sturla og Órækja, sem reyndar var bölvaður ribbaldi. Ég hef aldrei haft neitt álit á þeim manni. Hann hagaði sér eins og skrælingi á Vestfjörðum, alveg stanslaust, algjör drullusokkur. Ég hef aldrei fundið neitt sem getur afsakað hann.“

Ljóð Örvars Þóreyjarsonar Smárásonar í Reykjavík Grapevine 2006, 12. tbl.: „Þegar ég var herbergisþerna -litu gestir á mig einsog ég væri skrælingi – dubbaður upp í korselett og pils – og það var rétt hjá þeim – og satt – ég var skrælingi í pils – þegar ég var herbergisþerna.“

Þýðing Karls Guðmundssonar á ljóði eftir Leonard Cohen. Lesbók Mbl. 7. jan 2006, bls. 7.: Einn skrælingi rúllaði „ræmu“ – sem hann rétt hafði tekið af þér – En sá vesli gat vart hætt að skjálfa, hans vör og hönd blá eins og ber. ...

Halanegri 27 greinar. (1926-2008). - Svertingi 2.385 Sú fyrsta í Skírni 1864 og skírir á fordómalausán hátt frá illri meðferð þeldökkra hermanna í borgarastríðinu í BNA. - Blökkumaður 1.713, fyrst í Stefni 1894, þýðing sögu um illa meðferð blökkumanna í BNA